

**ESB: Matvælaöggjöfin gengst undir heilbrigðissskoðun**

Sem hluti af REFIT-áætlun ESB (sjá baksíðu) stendur nú yfir heilbrigðissskoðun á matvælaöggjöf ESB (e. General Food Law Regulation nr. 178/2002), en hún hefur að mestu leyti verið tekin upp í EES-samninginn. Snýr skoðunin m.a. að því hvort reglurnar virki rétt, hvort þær séu skilvirkar og í samræmi við önnur stefnusvið. Þá er til skoðunar hvort sameiginlegar reglur á þessu sviði séu yfirhöfuð til bóta.

Aðildarríki, hagsmunaaðilar og aðrir sem telja sig málið varða geta komið á framfæri sjónarmiðum, athugasemdum og tillögum í gegnum vefgátt framkvæmdastjórnarinnar sem sett hefur verið upp til að safna gögnum. Þá hefur framkvæmdastjórnin staðið fyrir könnunum, viðtölum og gerð skýrsla til að meta löggjöfina. Gert er ráð fyrir því að framkvæmdastjórnin birti fyrir lok árs skýrslu með niðurstöðum úttektarinnar.

Nánari upplýsingar má finna hér: <http://bit.ly/1oMkV8E>

**Reikigjöld—samkomulag í höfn**

Þann 30. júní sl. komust Evrópuþingið og ráðið að samkomulagi um nýjar reglur sem munu binda enda á reikigjöld og vernda frjálsan aðgang að alnetinu (e. net neutrality rules). Aðildarríki ESB eiga þó enn eftir að staðfesta reglurnar innan ráðherraráðsins.

Litið er á samkomulagið sem sigur fyrir Lettland sem gegndi formennsku í ráðherraráði ESB fyrri helming þessa árs. Lettneski samgönguráðherrann, Anrijs Matiss, var ánægður með að ná að ljúka þessu máli með samkomulagi og sagði sameiginlegan vilja allra hlutaðeigandi, þingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar til að ná saman hafa skipt lykilmáli á lokasprettinum.

Samkomulagið felur í sér að reikigjöld verði bönnuð frá og með 15. júní 2017. Farsímafyrirtækjum verður þó heimilt að ákveða þak á reikinotkun til að koma í veg fyrir “óeðlilega” reikinotkun. Ekki er fyllilega ljóst hvernig þessi heimild verður útfærð í lagatexta en mun að öllum líkindum eiga við þegar um er að ræða annars konar notkun en í hefbundum ferðalögum utan heimalands farsímafyrirtækja. Einnig verða settar varúðarreglur til að tryggja farsímafyrirtækjum endurheimt kostnaðar við reiki. Reikigjöld munu þegar byrja að lækka þann 30. apríl 2016. Þá verður núverandi verðþak lækkað.

**...stúfar**

# Leiðtogaráð ESB fundaði 25.-26. júní sl. Einkum voru til umræðu innflytjendamál, málefni Grikklands og viðræður um aðildarskilmála Bretlands. Sjá niðurstöður fundarins hér: <http://bit.ly/1U4WOiw>

# Hinn 1. júlí tók Lúxemborg við formennsku í ráði ESB af Lettlandi, og mun fara með formenskuna til áramóta þegar Holland tekur við formenskunni. Sjá formenskunáætlun Lúxemborg: <http://bit.ly/1ds75UD>

# Þann 29. júní var haldinn 17. leiðtogafundur ESB og Kína. Donald Tusk, Jean-Claude Juncker og Li Keqiang formaður rikisráðs Kína hittust og ræddu samvinnu og sameiginleg hagsmunamál. Sjá nánar hér.

Hámarksverð lækkar úr 0.23 í 0.05 evrum á mínútu fyrir símtöl, úr 0.0726 í 0.02 evrur fyrir smáskilaboð og úr 0.242 í 0.05 evrur á hvert megabæt gagna.

**Frjálst alnet**

Fyrstu Evrópureglurnar um frjálst alnet kveða á um að þjónustuveitendur verði að meðhöndla alla netumferð með sama hætti þegar þeir selja netaðgang. Þeim er þó heimilt að beita hófsömum aðferðum við að stjórna netumferð. Stöðvun umferðar og hæging (e. blocking or throttling) verður einungis heimil í undantekningar-tilfellum, t.d. til að verjast netárásam og sporna gegn gagnateppum.

Heimilt verður að gera samninga um netaðgang sem þarf nast sérstakrar þjónustu (aukinn hraði) en þó einungis ef þjónustuveitandinn getur tryggt að það hafi ekki óæskileg áhrif á almenna netnotkun annarra viðskiptavina.

Yfirlit þetta er tekið saman til upplýsingar um EES-málefni og sent til utanríkismálanefndar Alþingis á grundvelli 8. gr. reglna Alþingis um þinglega meðferð EES-mála.

## ESB: Framkvæmdastjórnin kynnir aðgerðir og tillögur til að stuðla að betri reglum

Hinn 19. maí sl. kynnti framkvæmdastjórn ESB tillögur og aðgerðir til að stuðla að betri reglum innan Evrópusambandsins (e. Better Regulation). Tillögurnar snúa annars vegar að ferlum við setningu löggjafar og hins vegar endurskoðun fyrirliggjandi löggjafar innan svokallaðrar REFIT-áætlunar.

Meginstef tillagnanna er að greina betur áhrif tillagna að nýrri löggjöf áður en hún er sett, til að stuðla að upplýstri ákvörðun stjórnmalamanna. Þá á að tryggja að ný og fyrirliggjandi löggjöf uppfylli markmið sín, sé auðveld í framkvæmd, sé stöðug og fyrirsjáanleg og að hún skapi ekki óþarfa byrðar. Auka á gagnsæi og aðkomu hagsmunaaðila við lagasetningu og auka aðkomu sömu aðila að mati á fyrirliggjandi löggjöf og framkvæmdar hennar.

Í máli Timmermanns varaforsætla framkvæmdastjórnarinnar, sem kynnti aðgerðirnar, kom fram að 70% Evrópubúa upplifa reglur Evrópusambandsins sem flóknar og þungar í vöfum. Við þessu vildi framkvæmdastjórnin bregðast og fylgja stefnu sinni um að bera í vinnu sinni niður þar sem þess er helst þörf en ekki grípa til aðgerða af ástæðulausu (e. big on big things and small on small things). Þá þyrfti að hafa í huga að enda þótt hægt væri að leysa mörg vandamál með sameiginlegri löggjöf, þá væri ekki víst að þess væri þörf eða að það væri besta leiðin. Nýju ferlarnir snérust þá ekki um að taka völdin af lýðræðislega kjörnum fulltrúum, heldur að styrkja þá í því að taka upplýstar ákvarðanir, enda þótt fulltrúarnir kynnu að kjósa að fara gegn ráðgjöf sérfræðinga og hagsmunaaðila af ýmsum ástæðum.

### Pakkinn samanstandur einkum af eftirfarandi:

- Að auka gagnsæi og þátttöku þeirra sem eiga hagsmuna að gæta. Í því samhengi hefur verið opnuð vefgáttin „Léttu byrðarnar – þitt framlag“ (e. Lighten the Load – Have Your Say) þar sem fólk og fyrirtæki geta lýst því sem því finnst íþyngjandi eða þarfnast endurbóta í reglunum.

- Í maí voru gefnar út nýjar starfsreglur innan framkvæmdastjórnarinnar um betri reglur. Metin verður þörf fyrir nýjar reglur eða hvort notast eigi við annars konar verkfæri eða breyta framkvæmd fyrirliggjandi reglna. Sérstök áhersla verður þarfar lítilla og meðalstórra fyrirtæki.

- Sett hefur verið á fót sérstakt sex manna regluráð (e. Regulatory Scrutiny Board) með þátttöku framkvæmdastjórnarinnar og fulltrúa utan ESB-kerfisins sem mun fara yfir allar tillögur og taka fyrir meirháttar matskýrslur og heilbrigðisskoðun á fyrirliggjandi löggjöf.

- Í lagasetningarferlinu verði mögulegt að framkvæma hraðúttekt á áhrifum breytingatillagna sem fram koma í ráðinu og þinginu til að greina áhrif þeirra sem er sáraljaldan gert nú.

- Innan REFIT-áætlunarinnar verði unnið að því að meta gildandi löggjöf og leiðrétt hana ef henni er ábótavant. Sem dæmi eru þegar í gangi mat á reglum ESB um bílaþryggingar, matvælalöggjöf og fleiri sviðum. Framkvæmdastjórnin mun gera grein fyrir efnistöku REFIT í vinnuáætlun sinni sem birt verður í haust. Settur verður á laggirnar nýr REFIT-vettvangur (e. REFIT-platform) með aðkomu fulltrúa aðildarríkjanna og milli 20 og 30 fulltrúa frá hagsmunaaðilum. Lögð verður áhersla á bættu innleiðingu með það að markmiði að draga úr byrðum á fyrirtæki.

Til viðbótar við aðgerðir framkvæmdastjórnarinnar telur hún mikilvægt að ráðið, Evrópuþingið og framkvæmdastjórnin komi sér saman um nýjan stofnanasamning sem setti niður verklag í samskiptun og samspili stofnananna í lagasetningarferlinu, samkvæmt tillögu sem framkvæmdastjórnin hefur sett fram. M.a. er til skoðunar að framkvæmdastjórnin verði í ríkara mæli að bregðast við kröfum Evrópuþingsins og ráðsins um tillögur að nýrri löggjöf.

Timmermanns sagði að líkja mætti verkefninu við að innréttu eldhúsið hjá sér uppá nýtt. Árangurinn yrði mældur eftir því hversu góðan mat manni tækist að elda í eldhúsinu eftir breytingu, en ekki endilega magninu. Lagði Timmermanns á það áherslu að ekki stæði til að betri reglur þyrftu að koma niður á stöðlum á þessum sviðum eins og varðandi neytendavernd, öryggismál og umhverfisvernd.

Áðurgreindar áherslur munu að öllum líkindum draga úr framleiðslu löggjafar hjá ESB og sníða agnúa af nýrri og fyrirliggjandi löggjöf. Innan embættismannakerfis framkvæmdastjórnarinnar eru þær taldar marka tímamót. Vert er að hafa í huga að á þessu ári mun framkvæmdastjórnin einungis leggja til 23 tillögur að nýrri löggjöf, en undanfarin ár hefur þessi tala verið í kringum 100 talsins. Í gegnum vefgáttina um léttari byrðar mun borgurum og hagsmunaaðilum, **þar með talið íslenskum**, gefast möguleiki á að koma athugasemdum á framfæri við fyrirliggjandi löggjöf. Aukin áhersla á bættu framkvæmd reglnanna í aðildarríkjunum er hins vegar háð afstöðu stjórnvalda í viðkomandi ríki. Þá er ljóst að árangurinn mun einnig byggjast á samstarfinu við ráðið og Evrópuþingið, því tillögur framkvæmdastjórnarinnar taka oft miklum breytingum í meðförum þessara stofnana.

Orðsending framkvæmdastjórnarinnar má nálgast hér: <http://bit.ly/1N4nHxM>